

Bragi Ásgeirsson:

Kaupmannahöfn

Af minnisblöðum myndverkasmíðs III

— Ekki verður hjá því komist að taka eftir fjölgun þeldökks fólks í stórborgum Evrópu, en þetta fólk vill flest til vinna að verða ekki sent aftur til síns heima. Fylgir því bæði gott og illt, og er það sýnu verst, að það misnotar einmitt fengið frelsi líkt og stúdentarnir forðum. Þeir koma með sína síði, sem þeir vilja ekki leggja af og myndast því sérstök hverfi utangarðsfólks. Til þess er tekið, að fæstir hafa verzlunarvit á við vestrænt fólk og nenna t.d. kjötsalar ekki að hafa nema eina kjöttegund á boðstólum dag hvern, og eru því verzlunarvit þeirra auðþekkjanlegar, því að Danir eru snillingar um vöruúrval af öllu tagi. Almennar reglur á baðstöðum eru oft ekki virtar af þessu fólki og fylgir því óæskilegur sóskaður. Einhvern veginn eru gæslumenn mildari við það en landa sína og aðra hvítungja og vilja sennilega ekki vera ásakadír um kynþáttafordóma. Sýnu verst er, að víða hafa þeir lagt undir sig eiturfjaskölu, stjórna vændi í heilu hverfunum — ránum á saklausu ferðalanga og svo öðrum glæpum.

Það merkilega við þetta er, að viðkomandi koma frá löndum, þar sem harðar refsingar eru við smávægilegustu brotum — smábjöfar missa eyru og limi, og líflát eru daglegt brauð. Almennir í Evrópu er reiður út af ástandinu, því að víða er stórhættulegt að vera einn á ferð eftir að skyggja tekur — jafnvel í neðanjarðarbrautum. Menn sjá í gegn um það, að stjórnaöld eru rög við að beita þetta fólk hörku og senda heim, vegna þess að það kemur margt frá olíulöndunum. En það er einmitt hér, sem borgaryfirvöld eiga að byrja að hreinsa til, því að glæpahyskið, er dafnar svo vel í vestrinu, er varla nema nokkur prósent af öllu þeldökka fólkinu.

en grómar alla heilbrigða starfsemi, þar sem það kemst nærri. Alvarlegast er, að það kemur óröði á annað þeldökkt fólk og stóreykur á erfiðleika þess.

Eins og ávallt, þegar ég dvel í K.höfn, fór ég reglulega í gufubað og þá oftast í gömlu sundhöllinni á Austurbrú. Það er sérstök afslappandi athöfn að fara í gufubað og nokkur list, ef á að njóta þess til fulls. Menn hafa stundað böð af öllu tagi frá því að sögur hófust og vitað er, að á miðöldum var það útbreidd venja að fara í gufubað reglulega. Þó að fólk þvæði sér ekki dags daglega og almenningur væri í sömu lörfunum, þar til þeir hrundu af þeim, þá gátu menn ekki verið án gufubaða. Þau voru lík og almenn samkomuhús eða



Hinn nafntogaði málari Richard Mortensen í upphafi ferils síns (1934).

fréttastofur á vorum dögum — fólk streymdi í gufuböðin og var þar tímuunm saman. Hér hittust menn og konur og ræddu saman án blygðunar yfir nekt sinni.

Regluleg böð voru talin til lífsnaðsýnja jafnvel meðal hinna fátækustu, til jafns við mat, drykk og húsaskjól. Frá fimmtánda öld eru til dæmi um að ríkir gáfu eða arfleiddu baðstofur til fátækra, sjálfum sér til sálhjálp. Gufulböð urðu að samkomustöðum, og þróuðust í að verða eins konar veitingastaðir eða klúbbar, þar sem fólk ekki einasta borðaði og drakk, heldur leitaði fréttu og stunduðu teningaspil og tafl. Um aldamótin 1500 breyttist þetta fullkomlega því að syfilis hafði þá nýlega komið til Evrópu og höfðu menn trúverðugan grun um að baðstofurnar ykju útbreiðslu hins voðalega sjúkdóms. Baðstofunum var því lokað og missti þá margur einu hressinguna er borgirnir höfðu upp á að bjóða. Í suðrinu lyfti endurreisnartímabilið líkama mannsins aftur á þann stall er hann hafði verið á stórveldistímum Grikkja og Rómverja. En í norðrinu prédikaði klerkavaldið um holdsins synd og pínu en hreinleika sálarinnar. Um aldir var það næstum álitin synd að halda líkama sínum hreinum og hann skyldi vandlega falin sbr. tizkuna á tímum. Fötin skyldu vera hrein en innan þeirra réði skiturinn og nitin. Það var svo ekki fyrr en á þessari öld að böð urðu aftur almenn. — Menn eiga sína upphaldsbaðstaði eins og annað, og þannig hugnuðust mér alls ekki nýju baðstaðirnir í Kaupmannahöfn. Hinir gömlu, sem voru reistir á kreppuárunum, hafa yfir sér ólíkt meiri reisn en þeir nýju, þar sem menn eru með sparnaðaræði á velmegunarárum. Jafnvel sundlaugin og gufubaðið í hinni reisulegu heilsuræktarstöð Carlsbergs-verksmiðjanna, sem var stuttan spöl þaðan sem ég bjó, þótti mér hallæri miðað við baðið á Austurbrú. Þangað fór ég eins oft og ég gat, þótt ferðin tæki mig 45 mínútur hvora leið. Menn eru léttstígir sem hlaðnir kjarnorku, er þeir koma þaðan.

En einu hefur hrakað og það er eftirlitið með að reglur séu haldnar. Í gamla daga fór allt í háloft, ef einhver braut af sér, en agi er hér einmitt nauðsynlegur, því að hann skapar frelsi fyrir alla, en brot á reglunum bakar öllum óþægindi. Ég man eftir einum miklum og myndarlegum rum, er var ljúfmennið sjálft, þar til einhver braut reglurnar. Þá breyttist hann í villidýr og var kostulegt að sjá aðfarirnar. Þótt starfsliðið sé síst minna en áður, er eftirlitið slægra, og hér ganga þeldökkir menn mjög á lagið með miklum látum og bægslagangi á stundum. Sumir hvítir gera það raunar líka og má þá minnst á það hér, að heimskan er náttúrugáfa, sem sumum hefur hlotnast — en skal ekki misnotuð. Þetta er hér sett fram vegna þess, að e.t.v. kemur það hvergi betur í ljós en í baðstofum, hve frelsi er afstætt hugtak í mörgum tilvikum.

— Eitt er það frelsi, sem Danir kunna að fara með, og það er frelsið að vera skemmtilegur og lifa lífinu lifandi fram á gamals aldur. Þeir eru stöðugt með einhver uppátæki til að gera tilveruna bjartari, og þótt bunglyndi herji á marga, er lífskrafturinn

fréttastofur á vorum dögum — fólk streymdi í gufuböðin og var þar tímuunm saman. Hér hittust menn og konur og ræddu saman án blygðunar yfir nekt sinni.



Það var svo ekki fyrr en á þessari öld að fólk úr öllum stéttum fór aftur að rækta líkamann með böðum. Mynd: Jacques Henri Lartigue.



Gufuböð á miðöldum — menn taki eftir blóðhornunum á baki baðgestanna.




óbugandi í öðrum. Það sannaðist á gamla karlinum honum Karli Nielsen, er 82 ára að aldri tók stúdentspróf nú í sumar eftir 66 ára lestrarhlé. Var hann ekki ánægðari en svo með einkunnirnar, sem voru þó mjög viðunandi, að hann ákvað að halda ekki áfram og leggja út í langt háskólanám! Hafði sett sér mark hér.

Ad hætti suðrænna þjóða hafa borgarbúar komið sér upp þriggja daga kjötkveðjuhátið, og í sumar var þar dansaður samba um hvítasunnuna — frá laugardegi til mánudagskvölds. Það var mikill gáski í fólkinu á laugardegnum síðdegis, er ég lagði leið mína í miðborgina og tók um stund þátt í pataldrinu — full mikill kannski á stundum, og hátiðin var um sumt nokkuð yfirborðsleg og norræn. Fólk litaði t.d. andlit sín með ódýrum plastlitum í stað leikhúsfarða, sem er hið eina rétta. Yfir helgina var ég að vinna á verkstæðinu og missti því af tveim seinni dögum. Hélt þó í borgina á mánudagskvöld, en hrökklaðist fljótt heim aftur, því að sóðaskapurinn var yfiringilegur og mikið um leiðinlegt og kófdrúkið fólk. En þessu með sóðaskapinn var fljótlega kippt í lag. Mikla athygli vakti það, að á meðal þeirra er seldu ólöglegan bjór í hagnaðarskyni báru menn kennsl á ýmsa þá er harðast berjast gegn markaðs-

frelsi og mest ámæla gróðafikninni! — Það er annars mannbót, að fólk sleppi sér lausu í nokkra daga á ári og mættum við Reyk-víkingar taka upp á einhverju slíku, því að við erum snillingar í því að gera hátiðisdaga okkar að leikhúsi þurrpumpuleikans.

Annað, sem var sýnu áhrifa-meira en kjötkveðjuhátiðin, var fótamenntaræðið, er greip um sig, meðan á Evrópumeistarakeppni stóð, en þar börðust Danir eins og sannir víkingar. Æðið greip einnig um sig hjá fólki, sem annars hefur lítinn sem engan áhuga á bolta-leikjum. Fylgdist ég hér grannnt með og hafði mikla skemmtan af. En mér þótti þó sýnu skemmtilegast að lesa grein, er birtist í Extrablaðinu eftir tapið gegn Frökkum í fyrstu umferð, því að hún lýsir Dönum svo vel. Fyrirsögn greinarinnar var „Hurra við tabte“, og lýsir greinarhöfundur gangi sögunnar aftur í aldir, og kemur þá í ljós, að mestu uppgangstímar í sögu þjóðarinnar hafi orðið eftir einhver mikil skakkaföll á vígvellinum — þá hafi einmitt allt farið að blómstra. Hér voru sem sagt raktir upp ótvíræðir kostir þess fyrir dönsku þjóðina að tapa — tap væri einmitt styrkur hennar. Stórsnjöll og launkímín grein, en táknrænast var sennilegast, að eftir þetta tap fyrir Frökkum hófst sigurganga



Þessi írska stríðsöxi frá því 1600—1300 fyrir Kristsburð, minnir einna helst á nútíma höggmyndalist.



Höggmyndin „Menneskemuren“ eftir Björn Nørgård er sett hefur verið upp fyrir framan „Statens Museum for Kunst“, Ríkislistasafnið í Kaupmannahöfn.

danska liðsins, sem setti þjóðina á annan endann. Eg er alltaf fastur lesandi Politiken, þegar ég er í Danmörku, einn daginn las ég að Povl Sabroe væri látinn 87 ára að aldri, sá var stórfrægur undir nafninu „Den Gyldenblonde“ og skrifaði léttu sunnudagsþætti í blaðið í áratugi, er voru óhemju vinsælir. Hann hafði líka reglulega þætti í útvarpinu og var tengdur útgáfu „Blæksprutten“, — skoprits, sem kom út fyrir jól ár hvert við miklar vinsældir. Þá taldi hann sig höfund „foneteknisk tegneserie“, sem gert hefur landa hans Victor Borge heimsfrægan. Þeir eru ófáir Íslendingarnir við nám eða búsettir í K.höfn, sem áttu þessum manni gott sunnudagsskap að launa hér á árum áður. Hann var fulltrúi margs af því besta í dönskum „húmor“ og um leið danskri þjóðarsál.

— ○ —


Að sjálfsgöðu er ekki eins mikið um markverðar listsýningar yfir sumartímann og á aðalsýningartímabilinu, sem haust og vormánuður teljast, en jafnan eru nokkrar stórar og vandaðar í gangi. Annars þótti mér einna athyglisverðast að hugsa til þess, að við í litlu Reykjavík höfum upp á að bjóða mun fleiri ágæta sýningarsali fyrir einstaklingssýningar en milljónaborgin Kaupmannahöfn, en við eigum ekki hliðstæðu stóru salanna né Louisiana-safnsins. Þar stóð yfir mögnuð sýning á fornum listmunum og bókum frá Írlandi „Írlands skatte“ — áhrifamikil

sýning og einstæð, undirstrikar listfengi forfeðra okkar í bland. Í Nicolai Kirke stóð yfir viðamikil sýning á vatnslita- og kítarmyndum Svavars Guðnasonar svo og vefnaði Ásgerðar Búadóttur. Vakti sú sýning verðskuldaða athygli og var enda vel fyrir komið og hrífamikil. Hér kom það fram, hve mikilsvert það er að hafa ítök hjá Dönum á myndlistarsviði, en til þess þurfa menn annað hvort að vera frægir útlendingar eða hafa haslað sér völl í landinu. Þannig hafði Svavar rokselt myndir sínar, er mig bar að garði, en ég varð ekki var við, að Ásgerður hafi selt neitt og þó er aldrei að vita (en hvar voru listiðnaðarsöfnin?).

Íslenskar listsýningar mættu að óseku vera algengari í Kaupmannahöfn og undarlegt er að Ríkislistasafnið skuli aldrei vera með íslenskar sýningar, en var t.d. með tvær finnskar á sl. ári, svo sem fram kom í síðustu grein. Á eftir sýningu þeirra Ásgerðar og Svavars var væntanleg sýning á ca. 650 teikningum Svend Wiig Hansen. Það kalla ég hressilegt sýningarframtak, sem íslenskir myndlistarmenn mættu taka til fyrirmyndar. Erlendis eru menn allajafna 20—30 árum fyrr með yfirlitssýningar á verkum myndlistarmanna en hér á útskerinu, þar sem slíkar þykja tilheyra elliárnum en ekki þróun og áfanga í list viðkomandi.

Hinir veglegu sýningarsalir Charlottenborg er jafnan bjóða upp á vandaðar sumarsýningar

voru lokaðir vegna neyðarlegs rifrildis stjórnmanna, en Ríkislistasafnið bauð upp á eftirminnilega sýningu á þróunarferli listar hins fræga málara Richards Mortensen — voru það aðallega teikningar, vatnslitamyndir svo og ein leikmynd. Þessi sýning kom mér að mörgu leyti á óvart því hún sýndi margar óþekktar hliðar á listamanninum og var einmitt í samræmi við hugmyndir mínar um framkvæmd yfirlitssýninga.



Eitt af skipum Vesturfaranna dönsku, „Thingvalla“ við landfestar í Halifax (eftir árekstur við Geysir 1888).

Þarna vöktu sérstaka athygli mína módelstúdíur, er listamaðurinn hafði gert í skóla Bizzie Höyer, — því að hér hefur verið lögð mikil áhersla á grundvallaratriðin, og þessi ströngu en fágúðu vinnubrögð virðast ganga eins og rauður þráður í gegn um list Richard Mortensens alla. Þeir voru ekki ófáir snillingarnir í danskri list er hófu feril sinn í skóla Bizzie Höyer. Fyrir utan safnið hafði verið sett upp mikið skúlptúrverk eftir einni af framsæknustu myndlistarmönnum Danmerkur, Björn Nørgård, en nefnist „Menneskemuren“ — mun verkið einungis vera í láni í tvö ár og gefur góða hugmynd um vinnubrögð yngri kynslóðarinnar í dönskum skúlptúr. Inni er svo kynnt þróunin í tilurð myndarinnar ásamt ýmsum öðrum verkum Nørgård í skissuformi.

Þá ber að geta hinnar eftirtektarverðu sýningar „Draumurinn um Ameríku“ í Brede, er fjallar um vesturfarana dönsku á síðustu öld. Margt kemur þar kunnuglega fyrir sjónir og málið er okkur skylt í sögulegu samhengi. Við þyrftum sannarlega að setja upp svipaða sýningu hérlendis og ekki í Bogasal, heldur í öllum Kjarvalsstöðum, og gera þar rækilega úttekt á þessum kafla í sögu þjóðarinnar.

Þess má geta, að skipafélagið er flutti einna flesta Dani vestur, bar heitið „Thingvalla-línen og getur skipa er hétu Geiser, Hekla og Thingvalla.

FÖRUM Í FRÍ FERÐUMST MEÐ FERÐAMIDSTÖÐINN



OSLO 10.500.

Helgar- og vikuferðir. Brottför alla fimmtudaga.

STOKKHÓLMUR 13.100.

Helgar- og vikuferðir. Brottför alla fimmtudaga.

LONDON 9.835.

Helgar- og vikuferðir. Brottför alla föstudaga.

Helgarferð: Flug og gisting m/morgunverði, akstur frá flugvelli og fararstjóri. Verð í tvíbýli frá kr. 9.835.00

GLASGOW 8.935.

Helgar- og vikuferðir. Brottför fimmtudaga og laugardaga. Flug og gisting m/morgunverði á fyrsta flokks hóteli. Verð í tvíbýli frá kr. 8.935.00

EDINBORG 9.370.

Helgar- og vikuferðir. Brottför fimmtudaga og laugardaga. Flug og gisting m/morgunverði.

Verð í tvíbýli frá kr. 9.370.00

LUXEMBOURG 10.765.

Helgar- og vikuferðir. Helgarferð: Flug og gisting m/morgunverði. Verð í tvíbýli frá kr. 10.765.00.

PARIS 14.241.

Helgar- og vikuferðir. Flogið um Luxembourg til Parísar.

Helgarferð: Flug og gisting m/morgunverði/flug og bíll. Verð í tvíbýli frá kr. 14.241.00.

RÓM 15.568.

Helgar- og vikuferðir. Brottför alla föstudaga. Flogið um Luxembourg.

Helgarferð: Flug og gisting m/morgunverði. Verð í tvíbýli frá kr. 15.568.00.

KAUPM.HÖFN 10.334.

Helgar- og vikuferðir. Brottför alla föstudaga.

Helgarferð: Flug og gisting m/morgunverði. Verð í tvíbýli frá kr. 10.334.00.

AGADIR 23.909.

Flogið um Luxembourg. Flug og gisting í Agadir í tvær vikur auk 3ja náttu gistingar í Luxembourg — 17 daga ferð.

Verð í tvíbýli frá kr. 23.909.00.

KANARÍ 22.529.

Alltaf er nú notalegt að skreppa til Kanaríeyja úr skammdegini á Íslandi. — Fjölbreytt úrval gistaða, margskonar ferðamöguleikar. Fáðu upplýsingar hjá okkur um ferðamátann, sem hentar þér. Verð frá kr. 22.529.00.

SKÍDAFERDIR 22.098.

Í boði er fjölbreytt úrval skíðaferða í vetur, frá desembermánuði '84 til vors '85. — Viku-, 2ja vikna og 3ja vikna ferðir. Beina flugið til Austurríkis byrjar 26. des. — Góðir gistaðir í Mayrhofen. Verð í tvíbýli m/hálftu fæði í 2 vikur frá kr. 22.098.00. Láttu okkur aðstoða þig við að velja Skíðaferðina sem hentar þér.

PARSEDLAR UM ALLAN HEIM!

**FERÐA
MIDSTÖÐIN**
AÐALSTRÆTI 9 S. 28133



Lýsing úr hinni frægu bók „The Book of Kells“.